

8. gr.

Gjöld þau, er um ræðir í A og B lið 7. gr. eru lögtakskræf.

9. gr.

Brot félaga á samþykktum félagsins varða sektum, allt að kr. 5000.00 — fimm þúsund krónum.

10. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skulu fara að hætti almennra lögreglu-mála.

11. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda samþykki $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna breytinguna og hennar hafi verið getið í fundarboði.

12. gr.

Til að slíta félaginu þarf að ræða félagsslit á tveimur aðalfundum í röð, og eru þau lögmæt, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna mæta á síðari fundinum og $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja félagsslit.

13. gr.

Verði félaginu slitið, skulu eignir þess ávaxtaðar í Útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki.

Verði síðar stofnað annað félag á þessu svæði og í sama tilgangi, skulu þessar eignir renna til þess félags.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á bogagötu framan við Háskólann frá norðri til suðurs.
2. Bifreiðastöður verða bannaðar á nefndri bogagötu framan við skólabygginguna og vinstra megin miðað við akstursstefnu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. nóvember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.